

Bekkjarfulltrúar

Meginhlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar eru valdir snemma að hausti (t.d. á haustkynningafundi) af foreldrum og gert er ráð fyrir einum bekkjarfulltrúa á hverja 10 nemendur í bekk.

- Bekkjarfulltrúar stuðla að samræðu og samstarfi milli foreldra um félagsleg mál innan bekkjarins. Hægt er að flétta þessari samræðu milli foreldra við t.d. haustkynningafund eða viðburði með krökkunum. Mikilvægt er m.a. að ræða:
 - samskipti í bekknum
 - fyrirkomulag í kringum afmæli (afmælishópar, 3 – 4 afmælisbörn sameinist og bjóða öllum, allar stelpur, allir strákar, gjafakostnaður o.fl). Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir að skipulag varðandi afmæli er mikilvægt atriði í baráttunni gegn einelti.
 - tölvunotkun
 - í Foreldrasáttmála og Læsisáttmála Heimilis og skóla eru einnig umræðuefni sem gott er fyrir foreldra að ræða (<http://www.heimilhogskoli.is/utgefingefni/foreldrasattmali/>).
- Bekkjarfulltrúar skipuleggja a.m.k. þrjár uppákomur/skemmtanir með nemendum og foreldrum á hverju skólaári. Bekkjarfulltrúar geta virkjað fleiri foreldra til að taka þátt í að skipuleggja uppákomur. Gott getur verið að hafa eldri nemendur með í ráðum þegar bekkjarstarf vetrarins er skipulagt.
- Kennarar geta leitað til bekkjarfulltrúa varðandi þátttöku foreldra í skólastarfinu t.d. í tengslum við vettvangsferðir og ýmsar uppákomur.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldrafélagið og eru í samstarfi við félagið um framkvæmd einstakra stærri viðburða s.s. vorhátíð og fleira.
- Bekkjarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum til dæmis myndum og öðru sem lýsir starfi skólaársins.
- Bekkjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og virða trúnað um persónulega hagi nemenda og foreldra.